

Stúdentaráðsfundur			
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
27.07.20	16:00	H-101	3
Fundarboðandi	Fundarritari		Dags. rituð
Isabel Alejandra Diaz	Helga Lind Mar		27.07.20
Fundaraðilar mættir			
<b><u>Félagsvísindasvið:</u></b>			
<i>Erna Lea fyrir Arnaldur Starri Stefánsson fyrir Röskvu</i>			
<i>Lenya Rún Taha Karim fyrir Vöku</i>			
<i>Vífill Harðarson fyrir Röskvu</i>			
<i>Sigríður Ása fyrir Hólmfríður M. Böðvarsd. Howard fyrir Vöku</i>			
<b><u>Heilbrigðisvísindasvið:</u></b>			
<i>Brynhildur K Ásgeirsdóttir fyrir Röskvu</i>			
<i>Salóme Sirapat Friðriksdóttir fyrir Röskvu</i>			
<i>Ingi Pétursson fyrir Vöku</i>			
<b><u>Hugvísindasvið:</u></b>			
<i>Katla Ársælsdóttir fyrir Röskvu</i>			
<i>Ingibjörg Iða Auðunardóttir fyrir Röskvu</i>			
<i>Erlingur Sigvaldason fyrir Röskvu</i>			
<b><u>Menntavísindasvið:</u></b>			
<i>Sóley Arna Friðriksdóttir fyrir Vöku</i>			
<b><u>Verkfræði- og náttúruvísindasvið:</u></b>			
<i>Herdís Hanna Yngvadóttir fyrir Röskvu</i>			
<i>Ástráður Stefánsson fyrir Röskvu</i>			
<i>Urður Einarsdóttir fyrir Röskvu</i>			
<b><u>Aðrir (án atkvæðisréttar):</u></b>			
<i>Mikael Berg Steingrímsson, hagsmunafulltrúi SHÍ</i>			
<i>Guðný Ljósbrá Hreinsdóttir, varaforseti SHÍ</i>			
<i>Isabel Alejandra Díaz, forseti SHÍ</i>			
<i>Fannar Þór Einarsson stjórn Röskvu</i>			
Fundarmenn fjarverandi og án varamanns:			
<b><u>Félagsvísindasvið:</u></b>			
<i>Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir fyrir Röskvu</i>			
<b><u>Heilbrigðisvísindasvið:</u></b>			

Hugvísindasvið:

Menntavísindasvið:

Magdalena Katrín Sveindóttir fyrir Röskvu

Gabríelu Sól Magnúsdóttur fyrir Röskvu

Verkfræði- og náttúruvísindasvið:

## **Fundardagskrá**

**Fundur Stúdentaráðs 27. júlí 2020 í HT-101 kl. 16:00**

*Agenda Student Council Meeting on July 27th 2020*

1. Fundur settur 16:00  
*Meeting begins*
2. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 16:00-16:05  
*Vote/approval on minutes from last meeting*
3. Tilkynningar og mál á döfnni 16:05-16:20  
*Announcements and issues ahead*
4. Verklagsreglur Stúdentaráðs (umræður og atkvæðagreiðsla) 16:20-16:50  
*Work approach og the Student Council (discussion and vote)*
5. Hlé 17:00-17:10  
*Intermission*
6. Atvinnuleysisbótakrafa Stúdentaráðs (umræður og atkvæðagreiðsla) 17:10-17:35  
*Demand for financial support for the unemployed (discussion and vote)*
7. Tillaga um þátttöku Stúdentaráðs í Gleðigöngunni (atkvæðagreiðsla) 17:35-17:50  
*Proposal for the Student Council to take part in the Pride parade (vote)*
8. Önnur mál 17:50-18:00  
*Other issues*

9. Fundi slitið 18:00

*Meeting ends*

10. Bókfærð mál

*Recorded issues*

## Fundardagskrá

**Fundur Stúdentaráðs 27. júlí 2020 í HT-101 kl. 16:00**

*Agenda Student Council Meeting on July 27th 2020*

1. Fundur settur 16:00

*Meeting begins*

2. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 16:00-16:05

*Vote/approval on minutes from last meeting*

- Samþykk: **Einróma**

- Á móti

- Sitja hjá

3. Tilkynningar og mál á döfinni 16:05-16:20

*Announcements and issues ahead*

Októberfest / *Octoberfest*

- Staða á veisluhaldi / *Status on event organisation*
- Erfitt að blása þetta af strax en er ekki útlit fyrir að geta haldið októberfest á þessu ári og þurfum bara að bíða og sjá hvað gerist eftir versló. Nánast öruggt að segja að það verði ekkert í september. Staðan er því miður bara óljós.

Afmælishátíð SHÍ / *Student Council anniversary celebration*

- Staða á hátíðarfundum SHÍ í hátíðarsal í Aðalbyggingunni / *Status on the anniversary meeting of the Student Council in the main building*
- 5. nóvember. Verður fyrir stúdentaráð og rektor, aðstoðarektor, ríkisstjórn, fulltrúa frá FS og fyrrum forsetar og formenn SHÍ. Búið að gera drög að dagskrá
- Lenya: Eru bæði aðalmönnum og nefndarmeðlimum boðið?

i. *Isabel: Hefur bara hugsað um aðalmenn en alveg vert að skoða þetta.*

Hagsmunaskrá Stúdentaráðs / *Financial interests of the Student Council*

- Minna á skráningu allra fulltrúa innan SHÍ / *Reminder for all delegates to enlist in the Student Council*

Stjórn Stúdentaráðs / *Board of the Student Council*

- Uppfærsla af síðasta fundi stjórnar / *Update from the previous Student Council meeting*
- *Samþykktar verklagsreglur stúdentaráðs en ekki búið að samþykkja verklagsreglur fyrir stjórn. Verður það gert á næsta fundi.*

#### 4. Verklagsreglur Stúdentaráðs (umræður og atkvæðagreiðsla) 16:20-16:50

*Work approach of the Student Council (discussion and vote)*

- Til umræðu verða drög að verklagsreglum Stúdentaráðs og tekið verður við athugasemdum um þær. Þá verða þær lagðar til samþykktar.

*Discussion on the Student Council's work approach concluded with a vote.*

- Lagabreytingarnefnd var falið það hlutverk að fara yfir verklagsreglurnar og uppfæra þær. Nefndin fór einnig yfir verklagsreglur stjórnar og skrifstofu en það er hlutverk stjórnar að samþykkja þær, hins vegar er hægt að nálgast þær verklagsreglur í fundargögnum.

*The committee for statute/law changes was given the task to go over the work approach and update it, and it is up to the board to approve those changes. The work approach is accessible with the meeting documents.*

- i. *Lenya: Ef það er málefnalegur ágreiningur þá er það í góðu en skrytið ef það er persónulegur ágreiningur.*
- ii. *Katla: Finnst það líka vera of mikið að það sé allt stúdentaráð tekið inni einstaka mál. Leggur til breytingatillögu að þetta sé frekar skrifstofa, ekki.*
- iii. *Lenya: Tekur lagabreytingarnefnd þetta aftur til skoðunar eða eða það bara búið?*
- iv. *Iqabel: Lagabreytingarnefnd búið.*
- *Lenya: Bæta við nýjum lið, skilgreina ágreining frekar. Lenya leggur til breytingatillögu:*

- i. *“Sérhvert sviðsråd skal gæta hagsmuna nemenda á viðkomandi sviði í störfum sínum. Ef upp kemur málefnalegur og persónulegur ágreiningur innan sviðsráðs, þá má bera það undir skrifstofu Stúdentaráðs” kemur í stað “Sérhvert sviðsråd skal gæta hagsmuna nemenda á viðkomandi sviði í störfum sínum. Ef upp kemur ágreiningur innan sviðsráðs, þá má bera það undir stúdentaráð.”*

- *Ingebjörg kemur inn hér: 16:22*
- *Katla: Verða kannski ekki miklar breytingar á verklagsreglum milli ára.*
- *Vífill: 5:22. Fundir yfir sumar?*
  - i. *Isabel leggur til breytingatillögu í lið 5.2.2.*
    - 1. *“innan sex vikna frá kjörfundi skv. 20. grein laga Stúdentaráðs” kemur í stað “sem fyrst”*
- *Sigríður Ása kemur inn 16:33*

**KOSNING**

*Breytingatillaga Lenya:*

*Samþykkt: 14 Einróma*

*Breytingatillaga Katla:*

*Samþykkt 14 einróma*

*Breytingatillaga Isabel:*

*Samþykkt: 14 einróma*

*Tvær breytingar frá Isabel. Taka úr varamennina. Báðar einróma samþykktar.*

*Skilgreina betur hvenær þar f að boða fund Isabel*

*Einróma samþykkt*

*Reglur í heild sinni: Einróma samþykktar.*

5. Hlé 17:00-17:10

*Intermission*

6. Atvinnuleysisbótakrafa Stúdentaráðs (umræður og atkvæðagreiðsla) 17:10-17:35

*Demand for financial support for the unemployed (discussion and vote)*

**TILLAGA**

27. júlí 2020

Lagt er til að Stúdentaráð Háskóla Íslands haldi áfram að beita sér fyrir því að stúdentum sé tryggður réttur til atvinnuleysisbóta og geri svo óháð tímabili þannig að krafan einskorðist ei lengur við sumarið 2020.

### Rökstuðningur

Ein helsta krafa Stúdentaráðs hefur frá því í mars verið að stúdentum eigi að tryggja atvinnuleysisbætur yfir sumartímamann, vegna aukins samdráttar á vinnumarkaði útaf samkomubanninu og COVID19. Stjórnvöld hafa ekki orðið við þessari kröfu á neinum tímamarki en það hefur ekki verið pólitískur vilji til þess að taka hana af alvöru til umræðu og leita lausna.

Sumarið er nú hálfnað og þrátt fyrir úrræði stjórnvalda til að koma til móts við stúdenta er enn ekki komin langtímalausn við atvinnuleysi meðal stúdenta, verði sem dæmi bakslag í samfélaginu. Verði stúdentar án atvinnu eiga þeir engan rétt á bótum úr atvinnuleysistryggingasjóði, þrátt fyrir að greitt hafi verið atvinnutryggingagjald af launum þeirra. Þá má réttilega bæta því við að samkvæmt 76. gr. Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 skal öllum, sem þess þurfa, tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna atvinnuleysis. Því leggur undirrituð til að Stúdentaráð haldi áfram að beita sér fyrir því að stúdentar séu ekki undanskildir atvinnuleysistryggingakerfinu

*Isabel Alejandra Diaz, forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands*

- Forseti SHÍ leggur til að atvinnuleysisbótakrafa standi og að breytingin sé fólgin í því að SHÍ krefjist þess að stúdentum sé tryggður réttur til atvinnuleysisbóta í námshléum, eins og þau höfðu rétt á fyrir 2010, og einskorðist því ekki við sumarið 2020.

*The president of the Student Council proposes that the demands remain with changes, under the pretense that students have a right to financial aid during study pauses, as it was their right before 2010.*

- *Erlingur með bókun*

Kæru stúdentaráðsliðar, ég get ekki haldið aftur af mér og lýsi ég yfir andstöðu minni við tillögu Isabel um atvinnuleysisbætur til stúdentaráðs í þessari mynd. Ég er sammála þessum ásetningi, ég er sammála því að fólk á rétt á því að lifa laust við daglegar áhyggjur af fjárhag.

Það sem við þurfum að hafa í huga eru þau forréttindi sem við búum yfir. Forréttindi okkar fela það í sér að geta stundað nám við háskóla, þau fela það í sér að geta unnið meðfram háskólanámi og forréttindi sem við héra inni búum yfir að geta setið í stúdentaráði og jafnvel unnið ef út í það er farið.

Þar sem það að vera í námi er 100% vinna þá er ekki nokkur leið fyrir stúdentaráðsliðar að réttlæta það að án vinnu með skóla séum við með heimtingu á atvinnuleysisbætur. Atvinnuleysisbætur til stúdentaráðsliðar þekkjast ekki á Norðurlöndunum. Það sem við þurfum að leggja áherslu á er stuðningsnet fyrir stúdentaráðsliðar sem hafa ekki í nein hús að venda og tala um þann skort sem er á stuðningskerfi fyrir námsmenn í neyð. Þó svo að við séum með aðgang að svokölluðum menntasjóði þá er ekki til neitt neyðarbattery. Ef við lítum til Kanada þá er til þar til gerður neyðarsjóður námsmanna sem tryggja einmitt það að þeir stúdentaráðsliðar sem hafa engar leiðir til að afla tekna eigi sitt bakland. Er það í formi styrkja sem hljóða upp á um það bil 150000 krónur. Það er grundvallarmunur á bótum og styrkjum. Ég væri persónulega til í að sjá þetta neyðarnet innan menntasjóðsins þar sem það gæti verið sérstaklega miðað að þörfum stúdentaráðsliðar og væri fyrir stúdentaráðsliðar.

Það sem mér finnst vanta í þessa tillögu er málefnavinna. Sigga sem er 45 ára og hefur unnið í fiskvinnslu síðan hún var 16 ára missir vinnuna og neyðist til að fara á atvinnuleysisbætur er ekki í sömu stöðu og Jódís sem er 22 ára, í sínu háskólanámi og býr í foreldrahúsum, sem missir vinnuna í ísbúð Vesturbæjar og hefur mikinn stuðning foreldra. Hvar er réttlætið í því? Við erum öll sammála um að stuðningsbattery þarf að vera til staðar fyrir nákvæmlega þá sem þurfa á því að halda! Miðað að þörfum stúdentaráðsliðar. Það sem vantar inn í tillöguna er að mínu mati málefnavinnan og hef ég til að mynda aldrei verið spurður álit, heldur er gengið út frá því að þetta sé eina leiðin.

- *Lenya: Finnst þér ekki betra að finna langtímalausn að finna nemendum langtímalausn inn í skólanum. Útvega stúdentum sveiganlegar vinnur sem henta vel með námi.*
- *Isabel: Er ósammála því að allir stúdentaráðsliðar séu í forréttindastöðu. Er fólk sem fellur á milli þessara kerfa. Til okkar hafa komið ýmsir aðilar, til dæmis fjölskyldufólk sem sér ekki fram á að geta haldið áfram í námi því þau eiga ekki fyrir fjölskyldu sinni. Líka fólk sem nýttu sér sumarstarfs úrræði stjórnvalda en það dregið til baka og þau þá í erfiðri stöðu.*
- *Lenya - Eigum við frekar að berjast fyrir einhverju öðru? Hætta að berjast fyrir þessum bótum. Við erum ekki að fara fá þær.*
- *Isabel: Stjórnvöld sögðu nei við bótum yfir sumarið. Við getum haldið*

*baráttunni áfram. Ef við hugsuðum svona þá værum við ekki með háskólatorg. Háskólinn væri ennþá að tanngreina. Stúdentabúðir ekki byggðar.*

Ingibjörg lða með bókun

Í velferðarkerfi Norðurlandanna, að Íslandi frátöldu, geta námsmenn sótt um stykki á meðan þeir eru í námi. Í löndum eins og Svíþjóð fá námsmenn mánaðarlega styrki sem hvetja þá til að einbeita sér að náminu með fullum þunga, eða að minnsta kosti vinna minna ef þeir þyrftu ef styrkirnir væru ekki til staðar. Sama hvaðan við komum úr samfélaginu er mikilvægt að átta sig á því að flestir, ef ekki allir, sem sækja sér háskólamenntun hér á landi, eru í forréttindastöðu. Þeirri forréttindastöðu að geta tekið námslán, að geta sleppt því að vinna með skóla, eða að geta unnið með skóla. Ég held að allir hér inni séu sammála um það að styrkjakerfi fyrir námsmenn sé draumurinn og ef til vill langtíma markmið, en staðan í dag er þessi: Stúdentar í velferðarkerfi Íslands hafa um þrjá kosti að velja: þeir vinna ekki með skóla, þeir vinna með skóla eða þeir taka námslán. Þeir sem kjósa að taka námslán eru að fjárfesta í eigin menntun, þeir velja þann kost að gera skólann að hundrað prósent vinnu, en þurfa hins vegar að borga af láninu í framtíðinni. Fyrir þessa einstaklinga vorum við með LÍN og nú MSN, og hafa t.d. breytingar í MSN bætt stöðu námsmanna til muna þó svo að kerfi sé ekki fullkomið. Aðrir kjósa að vinna með skóla, til að forðast skuldbindingu námslána eða eru jafnvel í færri einingum á móti vinnu. Háskólinn er mikilvægt tímabil í lífinu, og a.m.k. öll við sem hér erum saman komin göngum í gegnum það. Staðreyndin er sú að stór hluti stúdenta vinna með námi og útgjöld stúdenta hverfa ekki þó að þeir missi vinnuna. Það er því að mínu mati óásættanlegt að velferðarkerfi bjóði ekki upp á möguleika fyrir stúdenta, framtíð þjóðarinnar, missi þeir vinnuna. Eins og ég sagði áðan, þá eru námsmenn í ákveðinni forréttindastöðu, það eru forréttindi að vera í námi. Það sitja ekki allir við sama borð í samfélaginu og því finnst mér óréttlátt að allir samfélagsþegnar sækji bætur í sama sjóð. Námsmenn sem vinna hlutaastarf með skóla sitja ekki við sama borð hvað atvinnuleysisbætur varðar og einhver sem hefur ekki kost á að mennta sig og hefur unnið allt sitt líf, svo að dæmi sé tekið. Mér finnst því réttara að kalla til þess að búa til sérstakan neyðarsjóð fyrir námsmenn í stað þess að kalla eftir því að stúdentum verði tryggðar atvinnuleysisbætur. Mín tillaga er sú að atvinnuveitendur stúdenta og sjálfstætt starfandi stúdentar myndu þá greiða því sem nemur atvinnuþryggingargjaldi í þennan sjóð á meðan þeir eru í námi og geti gert tilkall í hann skyldu þeir missa vinnuna. Þessi hugmynd er ekki fullmótuð, ekki frekar en hugmyndin um atvinnuleysisbætur stúdenta, og enn er mörgum spurningum ósvarað. En langi okkur að stefna að styrkjakerfi í framtíðinni tel ég þetta vera rökrétt næsta skref, því það er fjarstæður draumur að ætla að setja upp styrkjahverfi á næstu árum. En við þurfum alltaf að byrja á byrjunarreit.

- *Isabel: Að segja að það sé ekki málefnavinna á bakvið tillöguna er eins og blaut tuska í andlitið. Skrifstofa SHÍ hefur verið að berjast fyrir þessu síðan í mars.*



- *Katla: Viljum við frekar vera beina fólki á atvinnuleysisbætur heldur en að beina þeim í sjóð sem við höfum nú þegar, menntasjóðinn?*
- *Isabel - MSN varð að lögum í júní, Úthlutunarreglurnar voru samþykktar í síðustu viku og grunnframsfærsla ekki hækkuð. Það gerist ekkert meira í ár. Við munum halda áfram að pressa, halda áfram vinnunni þegar úthlutunarreglurnar eru endurnýjaðar. Líka eftir þrjú ár þegar kerfið er endurskoðað.*
- *Helga Lind: Auðvitað eigum við að berjast fyrir því að tryggja fólki vinnur, en bæturnar snúa að því að það sé til öryggisventill. Þetta snýst líka um það að vera ekki að refsa fólki fyrir að vera í námi. Fólk sem er í fullri vinnu og hefur kannski verið það í 20 ár, tekur tvo áfanga með vinnu af því að það vill fá gráðu. Þessi einstaklingur fær ekki bætur af því að hann er í yfir 10 einungum en færð ekki námslán því að lágmarkskrafan þar eru 22 einingar.*
- *Það eru nú þegar gjöld af launum stúdenta að renna í þennan sjóð. Það mætti ræða þann möguleika að láta einstaklinga borga í annan sjóð sem væri bara fyrir stúdenta, eða tryggja það að launagreiðendur ráði frekar stúdenta af því að tryggingagjaldið er fellt niður á þann hóp.*
- *Það er raunverulega galin þæling að ætla að fara draga úr þessari baráttu núna. Við höfum fengið mikinn meðbyr og athygli út á þessa vinnu. Það er alltaf hægt að bæta við þá hluti sem við erum að berjast fyrir, ekki þörf á að hætta þessu.*
- *Erlingur: Finnst ekki koma nægilega vel fram í tillögunni hverju er verið að berjast fyrir.*
- *Isabel: Við höfum talað um þetta síðan í mars. Fullt af fréttaflutningi til. Update á Stúdentaráðsfundum, stjórnarfundum og pistlunum mínum inná FB hópnum. Þið hafið alltaf getað talað við mig. Þið hafið ekki gert það.*
- *Brynhildur: Helga Lind sagði mjög mikið af því sem ég ætlaði að segja. Þetta á ekki að vera á móti hvort öðru.*
- *Sóley: Áhugaverð umræða. Miðað við allt þetta, þá erum við búin að standa í strögli við þetta.. Erum við kannski að setja orkuna okkar og áherslur á vitlausan stað?*
- *Isabel: Er búin að vera leggja áherslu. Þó svo að okkur sé sagt nei þá eigum við ekki að hætta að berjast fyrir hagsmunum stúdenta. Við hér erum í þeirra umboði. Hvar er báráttuandinn. Viljið þið að ég hætti að beita mér fyrir þessu. Viljið þið að ég hætti vinnunni innan samráðshóps stjórnvalda sem ég sit í. Sem er að fjalla um skörun atvinnuleysistryggingakerfisins og lánasjóðskerfisins. Ég er ykkar fulltrúi, ég er í 100% starfi, notiði mig og notiði 100% starfshlutfall mitt til þess að halda vinnunni áfram. Skiptir ekki máli hvað margir eru í vanda, við eigum að berjast fyrir þau.*

- *Sóley, skilur að þú segir að það sé búið að hafna atvinnuleysisbótunum. Væri til í að geta farið í sumarfrí og verið á bótum en það er ósanngjart.*
- *Isabel: Krafa Stúdentaráðs hefur aldrei snúist um það. Skilyrði vinnumálastofnunnar leyfa það ekki einu sinni. Snýst um að gripa fólkið sem neyðist til að sækja um bætur. Það vill enginn þurfa að gera það. Fólk vill vinna, við viljum vinna. Ég á ekki að geta verið í einum áfanga við stjórn málafræðideild og á bótum samhliða. Virkar ekki svoléiðis.*
- *Ingibjörg: Ég ber ómælda virðingu fyrir vinnunni sem hefur átt sér stað. Var ekki að meina það með bókuninni.*
- *Lenya -: Skilur betur núna.*
- *Isabel: Vil að það sé skýrt að ég er í ykkar umboði og geri ekkert nema ég fái samþykki þessa. Það er það sem ég er að gera núna. Að fá að halda áfram.*
- *Brynhildur: ósammála því að beina kröftum okkar í annað hvort eða.*
- *Erna: Við þurfum langtímalausn - Hvað þegar ríkissjóður er ekki í góðu standi og getur ekki skapað úrræði eins og í sumar. Þurfum við atvinnuleysisbætur til að gripa stúdenta.,*

Isabel leggur til að fresta þessari kosningu og setja hana í rafræna kosningu:

Sammála: **Einróma 14.**

7. Tillaga um þátttöku Stúdentaráðs í Gleðigöngunni (atkvæðagreiðsla) 17:35-17:50  
*Proposal for the Student Council to take part in the Pride parade (vote)*

Kosningar um að opna þennan fundarlið fyrir aðilum utan stúdentaráðs.

Einróma samþykkt.

### TILLAGA

Lagt er til að Stúdentaráð og fylkingar þess gangi saman undir merkjum SHÍ í Gleðigöngunni þann 8. ágúst 2020, og að þátttakan verði skipulögð af Jafnréttisnefnd SHÍ og Q-félagi hinsegin stúdenta.

### Rökstuðningur

Gleðigangan er enn mikilvægur liður í sýnileika, baráttu og gleði hinsegin fólks. Því er einnig mikilvægt að Stúdentaráð, sem hefur beitt sér fyrir málefnum hinsegin stúdenta, taki þátt og sýni áframhaldandi stuðning við fjölbreytileika og jafnrétti. Í

ár skipuleggja þátttakendur eigin gönguleiðir með tillit til smitgátar. Undirritað leggur til að Jafnréttisnefnd SHÍ í samstarfi við Q-félag hinsegin stúdenta fái það hlutverk að skrá og skipuleggja þátttöku Stúdentaráðs í komandi Gleðigöngu.

Vífill Harðarson, oddviti  
Röskvu í Stúdentaráði

Lenya með breytingatillögu:

Viðbót: *samhliða því að gefa út rafræna stuðningsyfirlýsingu til stuðnings hinsegin samfélagsins*

Einróma samþykkt

Kosið um tillöguna í heild

Einróma samþykkt

8. Önnur mál 17:50-18:00

*Other issues*

*Annað mál frá Sóleyju Önnu*

Stúdentaráðsfundur

27.júní 2020

**- Tillaga -**

*um verklagsreglur fyrir kennara HÍ sem snúa að fjarnemum*

Lagt er til að SHÍ í samráði við lagabreytingarnefnd, forseta fræðasviða og áhugasama fjarnema búi til einhverskonar verklagsreglur fyrir kennara skólans. Þessar reglur standa vörð um hagsmuni nemenda, þá sérstaklega fjarnemenda og sjá til þess að svipaðar reglur séu á öllum fræðasviðum. Lögð er áhersla á að:

- Tímar séu teknir upp og séu aðgengilegir nemendum í góðum gæðum.
- Að nemendur geti fengið að sjá gömul próf fyrir lokapróf sín. Gömlu prófin ættu að svipast til uppsetningar og svipaðra spurninga eins og lokaprófið sjálft.
- Kennsluvefur sé vel skipulagður, aðgengilegur og snyrtilega upp settur.

- Verkefnalýsingar verði settar inn á kennsluvef a.m.k. mánuð fyrir verkefnaskil.
- Skipulag staðlota sé birt tveim vikum fyrir hana. Staðlotur skulu vera vel nýttar í uppbyggilega verkefnavinnu.

### Skýring

Fjarnámi við Háskóla Íslands er ábótavant og alls ekki í samræmi við staðnámið. Mikil óánægja ríkir meðal fjarnema á flestum fræðasviðum og er brottfall þeirra úr skólanum mun tíðara en brottfall staðnema. Flutningsaðili telur að fjarnemar leiti einnig síður til hagsmunafulltrúa stúdentaráðs eða stúdentafélags síns til að kanna réttindi sín. Sökum þess að engar slíkar verklagsreglur eru í gildi fyrir kennara skólans er fjarnemendum mismunað milli sviða og sitja ekki við sama borð varðandi kennslumál og staðnemendur. Þessar verklagsreglur ættu því að tryggja öllum nemendum jafnan rétt og að sömu reglur gildi á öllum fræðasviðum.

*Flutningsaðilar: Sóley Arna Friðriksdóttir.*

*Frestað kosningu:*

- *einróma samþykkt*

9. Fundi slitið 18:33

*Meeting ends*

10. Bókfærð mál

*Recorded issues*

### 1 Bókfærð mál - skipti í jafnréttisnefnd

*27. júlí 2020*

Úr nefndinni segir sig fulltrúi Röskvu, Margrét Lilja Arnheiðardóttir. Í stað hennar tilnefnir Röskva Bryndísi Ólafsdóttur.

*Flutningsaðili: Vífill Harðarson*

**2 Bókfærð mál - skipti í félagslífs og menningarnefnd**

27. júlí 2020

Úr nefndinni segir sig fulltrúi Röskvu, Lea Birna Lárusdóttir. Í stað hennar tilnefnir Röskva Ernu Leu Bergsteindóttur.

*Flutningsaðili: Vífill Harðarson*

**3 Bókfærð mál - skipti í fjármála og atvinnulífsnefnd**

27. júlí 2020

Úr nefndinni segir sig fulltrúi Röskvu, Erna Lea Bergsteindóttir. Í stað hennar tilnefnir Röskva Mikael Jóhann Karlsson.

*Flutningsaðili: Vífill Harðarson*

**4 Bókfærð mál - Myndataka SHÍ**

27. júlí 2020

Í samræmi við d-lið 11. gr. [laga Stúdentaráðs](#) um bókfærð mál er hér með lögð til afgreiðsla án umræðu að skrifstofa Stúdentaráðs skipuleggi myndatöku fyrir fulltrúa Stúdentaráðs í ágúst mánuði, líkt og gert var á síðasta starfsári.

**Rökstuðningur**

Sýnileiki Stúdentaráðs er alltaf í umræðunni og því er ráð að mynda alla fulltrúa ráðsins

með það að markmiði að vera sýnileg stúdentum öllum, einkum nýnenum, þegar kennsla hefst að nýju í ágúst. Skrifstofa SHÍ myndi þá taka að sér að skipuleggja myndatöku í samráði við fulltrúa ráðsins og í kjölfarið skipuleggja myndaskipti meðal allra, á Facebook og Instagram. Jafnframt er skrifstofu falið að semja stuttan texta sem skal fylgja myndunum, sem dæmi: *Ég er aðalfulltrúi í Stúdentaráði Háskóla Íslands 2020-2021 á Félagsvísindasviði.*

Teknar yrðu myndir af aðal- og varafulltrúum í Stúdentaráði, fulltrúm í sviðsráðum og nefndarmeðlimum.

*Flutningsaðili: Isabel Alejandra Diaz, forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands*